



VOGAR - HRAÐFERÐ

Fjárhagsáætlun

Nú í vikunni kom bæjarstjórn saman til síðasta fundar ársins. Megin viðfangsefni fundarins var síðari umræða og umfjöllun um fjárhagsáætlun 2021 – 2024. Unnið hefur verið sleitulaust að gerð áætlunarinnar undanfarnar vikur og mánuði. Í venjulegu árferði er megin þungi áætlunargerðarinnar lokið fyrir lok október, og áætlunin þá lögð fram til fyrri umræðu. Vegna hinna óvenjulegu og sérstöku aðstæðna í samfélaginu þetta árið reyndist bæði tímafrekara og erfiðara að koma saman áætluninni að þessu sinni. Mestu munar þar um hina miklu óvissu sem ríkir í starfsumhverfi sveitarfélagsins og í efnahagshorfum þjóðarbusins. Megin uppistaða tekna sveitarfélagsins koma frá útsvari og framlögum úr Jöfnunarsjóði, auk fasteignaskatta. Þessir tekjustofnar dragast talsvert saman í árferði því sem nú ríkir, og hafa eðlilega áhrif á stöðu bæjarsjóðs. Á hinn bóginn er mikilvægt að standa vörð um starfsemina og tryggja að þjónustan við íbúana sé með eðlilegum hætti. Áætlunin ber þess glögg merki að svo er. Við þurfum því að setta okkur við hallarekstur, bæði á því ári sem nú er senn á enda runnið, sem og á næsta ári. Það ræðst svo af því hver viðsnúningurinn í efnahagslífinu og þjóðarbúskapnum verður, um hversu fljótt við náum vopnum okkar að nýju. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður ákvað bæjarstjórn að standa með myndarskap að framkvæmdum á næsta ári, sem og út áætlunartímabilið allt. Með því móti tryggjum við innviðauppbyggingu í sveitarfélaginu og verðum á þann hátt í stakk búin að standa undir vexti til framtíðar. Fjárfestingarnar eru einnig atvinnuskapandi, og með því leggjum við okkar að mörkum til að halda hjólum atvinnulífsins gangandi. Sveitarfélagið byggir sem betur fer á traustum efnahag, sem gerir okkur kleift að komast í gegnum þennan skafl.

Jól og áramót

Framundan er hátíð ljóss og friðar, með tilheyrandi samveru og tilbreytingu. Löng hefð er fyrir því að sveitarfélagið standi fyrir áramótabrennu á gamlárskvöld, en að þessu sinni verður ekki unnt að hafa þann góða viðburð á dagskrá. Samkomutakmarkanir þær sem nú eru í gildi heimila ekki að fleiri en 10 komi saman, sem þýðir að sjálfhætt er við. Til stóð að endurvekja hátíðarhöld á þrettándanaum, og höfða þá að mestu til barnanna. Af sömu ástæðum eru takmarkaðir möguleikar til hefðbundinna hátíðahalda. Frístunda- og menningarnefnd sveitarfélagsins hefur nú lagt til að efnt verði til flugeldasýningar þann dag, og er undirbúningur að því þegar hafinn.

Faraldurinn

Við vitum öll að enn um sinn þurfum við að búa við skerta starfsemi í samfélaginu, þar til unnið hefur verið á veirunni og smitið hverfur úr samfélaginu. Þangað til þeim áfanga er náð er mikilvægt að halda þetta út og fara áfram varlega. Við sjáum á fréttum hversu lúmsk veiran er og hvernig einstaklingar sem standa í stafni og eru sérfræðingar í smitvörnum eru sjálfir útsettir fyrir smiti. Það segir meira en allt sem segja þarf. Við skulum því sameinast um að halda einbeitingu okkar, fylgja leiðbeiningum og virða tilmæli sóttvarnaryfirvalda. „Þolinmæði þrautir vinnur allar“.

Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla. Megi hátíð ljóss og friðar lýsa okkur öllum leiðina framávið. Ég vona jafnframt að þið hafið það sem allra best um hátíðarnar, með ykkar fólki. Góða helgi!